

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmda-  
áætlunar fyrir árið 1972.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Oft hefur það komið fram í umræðum á Alþingi í vetur, að nú ætti að skipu-  
leggja allar framkvæmdir með nákvæmni og að vel athuguðu máli, sem byggt væri  
á raunhæfri áætlanagerð. Til þess að koma þessu stefnumiði sínu í framkvæmd  
var eitt af fyrstu verkum ríkisstjórnarinnar að koma á fót Framkvæmdastofnun  
ríkisins og skyldi hún annast alla áætlanagerð og meta röð framkvæmda. Á þeim  
tíma, sem liðinn er frá gildistöku laganna um s. l. áramót, hefur engin grund-  
vallarbreyting orðið frá fyrri gerð framkvæmdaáætlana, og vissulega er byggt á  
fyrri reynslu og gögnum, er komu frá fyrri ríkisstjórn, en hún hafði í síauknum  
mæli farið inn á svið áætlanagerða um fjöldamargar stærri framkvæmdir.

Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin fái heimild til þess að gefa  
út og selja strax innanlands spariskirteini að upphæð allt að 500 millj. króna. Þetta  
er í annað sinn á tæplega hálfu ári, sem ríkisstjórnin leitar eftir svona heimild.  
Í fyrra skiptið var upphæðin alls 200 millj. króna, og voru skuldabréfin seld í  
desember s. l., um jólaleytið. Við í stjórnarandstöðunni erum ekki mótfallnir þess-  
ari fjárflyun í sjálfri sér, en bendum mjög eindregið á, að hér er siglt nokkuð  
djarft, eins og ástandi peningamála og verðlagi er nú háttad í landinu. Sala á  
skuldabréfum innanlands upp á alls 700 milljónir á um það bil hálfu ári hlýtur að  
segja til sín í bankakerfinu og þrengja hag viðskiptabankanna, sem verða að draga  
mjög saman þjónustu sína við viðskiptamenn sína. Nú væri það ekki órókrétt að  
hamla verulega á móti fjármagnsveltunni í dag og reyna þannig að minnka eftir-  
spurn á þjónustu og vörukaupum, en hér er alls ekki gert ráð fyrir slíku. Öllu  
þessu fjármagni á að veita í opinberar framkvæmdir eða til þess að standa undir  
lánakostnaði. Þessi aukna velta mun því auka á þá þenslu, sem fyrir er. Hæst-  
virtur forsætisráðherra hefur sagt, að hér væri teflt á yztu nöf um framkvæmdir,  
og er það rétt. Einnig erum við í stjórnarandstöðunni spurðir: Hvað viljið þið, að  
sé skorið niður úr framkvæmdum? Þetta er í sjálfu sér óraunhæf spurning, þar  
sem við mótum ekki heildarstefnuna í efnahagsmálunum og við afgreiðslu fjárlaga.  
Því er ekki unnt að taka eitt eða tvö atriði sérstaklega út og fórna þeim einum sér.  
Hins vegar má benda á, að útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir upp á um  
400 milljónir króna ásamt miklum framkvæmdastyrkjum eru hæpin stefna. Einnig  
verður að meta mjög vel, hversu hratt rafvæðing um landið skal ganga, þótt enginn  
deili um nauðsyn þess, að rafmagn komi sem fyrst um allt land. Menn verða að  
gera sér grein fyrir því, hvað hlutirnir kosta og hvað mikill hluti af fé ríkissjóðs  
getur farið til slíkra framkvæmda. Það er hlutverk ríkisstjórnar hverju sinni að  
meta röð framkvæmda og deila fjármagninu út. Hér á landi munu jafnan vera óþrjót-  
andi verkefni til uppbyggingar, vandinn er að velja og hafna í því efni og með  
þeim hætti, að efnahagskerfið þoli fjármagnshreyfingarnar hverju sinni. Það er  
dregið í efa af undirrituðum, að þessa sjónarmiðs gæti hér, því að þegar til lengdar  
lætur er farsælast, að hraði framkvæmda sé nokkuð jafn á milli ára. Mikil aukning  
á sér nú stað á milli árána 1971 og 1972 í fjármögnun framkvæmdaáætlunarinnar,  
eða um 1300 milljónir króna. Þegar einnig er haft í huga, að hækkun fjárlaga var  
um 5.3 milljarðar, má öllum vera ljóst, að næstum óhugsandi er að hamla svo á  
móti verðþenslu, að verðbólguáhrifin geri ekki verulega vart við sig síðari hluta  
ársins. En það skapar aftur jafnvægisleysi og veikir stöðu útflutningsatvinnuveg-  
anna, en staða þeirra í dag er síður en svo sterk. Reynslan ætti að sýna mönnum  
það, að verðþenslan er svo erfið viðureignar, að miklu er fórnandi til þess að ráða  
við þróun hennar.

Ég mun ekki standa í veginum fyrir þessari lántökuheimild, en legg áherzlu á,  
að allt sé gert til þess, að verðbólgan gleypi ekki þann ávinning, sem launþegar  
hafa fengið með síðustu kjarasamningum, og að atvinnuvegunum sé ekki stefnt í  
voða með of miklum ríkisframkvæmdum, eins og nú háttar til.

Alþingi, 16. maí 1972.

Jón Árm. Héðinsson.